

# HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

41. fundur –18. júní 2001

## Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 18. júní 2001, á skrifstofu Heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ, og hófst hann kl. 17:30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

### **1. Fundargerð 40. fundar heilbrigðisnefndar.**

Samþykkt.

### **2. Fundargerð 33. starfsmannafundar frá 13. júní 2001.**

#### **2.1 Starfsleyfi**

2.1.1 Bakkabraut 50, Kópavogi - verkstæði o.fl.

Lögð fram umsókn Önnu M. Eggertsdóttur f.h. ABBA bílaleigunnar ehf. kt: 691098-2229, dags. 6. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílaleigu með viðgerðaraðstöðu og aðstöðu til að smyrja ökutæki að Bakkabraut 50, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 2 ára með skilyrðum sem fram koma í sérþækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.2 Bláfjöll, - olíugeymir og varaafsvél.

Lögð fram umsókn Hauks Haukssonar f. h. Flugmálastjórnar kt. 550169 6819, dags. 12. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til rekstur á varaafsvél með olíutanki í Bláfjöllum.

Ný starfsemi. Umsögn framkvæmdastjórnar um vatnsvernd liggur fyrir.

Samþykkt starfsleyfis með vísun til 80 gr. reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og 26. gr. samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla.

2.1.3 Bæjarlind 6, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Gunnars G. Leifssonar kt. 261267-5949, dags. 28. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Bæjarlind 6, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sérþækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

2.1.4 Bæjarhraun 16 - gistiheimili.

Lagt fram bréf Jóhannesar H. Einarssonar f. h. Rekstrarfélagsins Traust ehf, kt: 550396-2039, þar sem óskað er eftir fresti til 1. ágúst n.k. að leggja fram umsókn og gögn vegna starfsleyfisumsóknar fyrir gistiheimili að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt að veita umbeðinn frest.

2.1.5 Bæjarhraun 16 - gistiheimili.

Lögð fram Hönnu Vigfúsdóttur f. h. Fróða hf. kt. 431189 6669, dags. 8. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað.

2.1.6 Dalshraun 17, Hafnarfirði - járnvöruverslun.

Lögð fram umsókn Hermanns Guðmundssonar f.h. Slípivörur og verkfæri ehf. kt: 640894-2619, dags. 7. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með iðnaðarvarning að Dalshrauni 17, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

#### 2.1.7 Eyrartröð 5, Hafnarfirði - handvirk bónstöð.

Lögð fram umsókn Þorleifs G. Jónssonar f.h. Teppaþrifa, kt. 270548 3429, dags. 11. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Eyrartröð 5, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.8 Fjarðargata 11, Hafnarfirði - bakarí.

Lögð fram umsókn Karls Viggós Viggóssonar f.h. Köku Gallerí (Karl Viggó ehf.) kt: 601198-3129, dags. 13. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bakarís að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan tveggja mánaða.

#### 2.1.9 Hvaleyrarbraut 13, Hafnarfirði - fiskvinnsla.

Lögð fram umsókn Pharmaco hf. f.h. Íslenskra matvæla kt: 500269-7319, dags. 25. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 13, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.10 Iðnbúð 4, Garðabæ - söluturn.

Lögð fram umsókn Sigurjóns Heiðars Hreinssonar f.h. Spesíunnar kt: 090965-3959, dags. 7. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs söluturns án óvarinna matvæla að Iðnbúð 4, Garðabæ.

Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1. mánaðar.

#### 2.1.11 Rauðhella 16 - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Salómons Reynissonar f.h. Vélaverkstæðis R.Á.S. ehf., kt. 421194 2389, dags. 12. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs almenns bifreiðaverkstæðis að Rauðhelli 16, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.12 Reykjavíkurveg 62, Hafnarfirði - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Kristins J Gíslasonar f.h. Papinos ehf. kt: 440101-2320 dags. 29. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Reykjavíkurvegi 62, Hafnarfirði.

Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um i.e. innan eins mánaðar.

#### 2.1.13 Skemmuvegur 24, Kópavogi - bifreiðaverkstæði.

Lögð fram umsókn Auðuns Ásberg f.h. Bifreiðaverkstæðis Kópavogs ehf., kt. 540295-2399, dags. 25. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs almenns bifreiðaverkstæðis að Skemmuvegi 24, Kópavogi.

Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.14 Smiðjuvegur 2, Kópavogi - skyndibitastaður.

Lögð fram umsókn Högna Jökuls Gunnarssonar kt: 291072-5859 f.h. Hróa Hött (Planet Pizza ehf. kt: 600398-2299, dags. 6. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs pizzustaðar að Smiðjuvegi 2, Kópavogi.

Eigendaskipti.

Samþykkt starfsleyfis með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 1. mánaðar.

#### 2.1.15 Smiðjuvegur 4e, Kópavogi - bifreiða- og réttingaverkstæði.

Lögð fram umsókn Svans Kristinssonar kt: 210259-2289, dags. 30. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiða- og réttingaverkstæðis að Smiðjuvegi 4e, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.16 Smiðjuvegur 11a, Kópavogi - kjötvinnsla.

Lögð fram umsókn Guðmundar Guðlaugssonar f.h. Kjötvinnslunnar ehf., kt: 710501-3860, dags. 6. júní 2001, þar sem sótt er um leyfi fyrir kjötvinnslu með reykingu að Smiðjuvegi 11a, Kópavogi.

Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.17 Smiðjuvegur 28, Kópavogi - verkstæði.

Lögð fram umsókn Guðmundar Guðjónssonar f.h. MD Vélar h.f. kt: 500190-1599, dags. 30. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis fyrir vélbúnað vegna skipa og báta að Smiðjuvegi 28, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.18 Smiðjuvegur 50, Kópavogi - verkstæði.

Lögð fram umsókn Jóns H Sigurjónssonar f.h. Datek Ísland ehf. kt: 671296-2229, dags. 15. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis vegna innflutningsverslunar að Smiðjuvegi 50, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.19 Smiðjuvegur 62, Kópavogi - kælitækjaviðgerðir.

Lögð fram umsókn Gísla F Þorsteinssonar f.h. Celsius ehf. kt: 470194-2279, dags. 15. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kælitækjaviðgerða og nýsmíði að Smiðjuvegi 62, Kópavogi.

Breytingar á húsnæði.

Afgreiðslu frestað.

#### 2.1.20 Sólvangsvegur 1, Hafnarfirði - móttökueldhús.

Lögð fram að nýju umsókn Hafnarfjarðarbæjar f.h. Félagsaðstöðu aldraðra kt: 460995-2139, dags. 15. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs móttökueldhúss að Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði.

Endurnýjun.

Afgreiðslu frestað

#### 2.1.21 Umdæmi heilbrigðisnefndar - sorphirða.

Lögð fram umsókn Péturs Valdimarssonar f. h. Gámakó h.f., kt. 560694 2619, dags. 11. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til sorphirðu og útleigu á ferðasalernum sem rekin er frá starfsstöð við Berghellu í Hafnarfirði.

Nýtt leyfi.

Samþykkt starfsleyfi til 4 ára með vísun til reglugerðar nr. 805/1999 og auglýsingar nr. 582/2000 og með fyrirvara um að ekki komi fram athugasemdir við auglýsingu starfsleyfis.

2.1.22 Vesturhraun 3, Garðabæ - verkstæði.

Lögð fram umsókn Halldórs Björnssonar f.h. Malbikunar H.G. ehf. kt: 680395 –2179, dags. 29. maí 2001, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðarverkstæðis að Vesturhrauni 3, Garðabæ.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

## 2.2 Umsagnir.

2.2.1 Smiðjuvegur 2, Kópavogi - veitingastofa.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 31. maí 2001, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Högna Jökuls Gunnarssonar kt: 291072-5859, sem sækir um leyfi til að reka veitingastofu (Planet Pizza ehf. kt: 600398-2299), að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Jákvæð umsögn samþykkt.

## 3. Söluturn Hlíðarvegi 29, Kópavogi.

Lögð fram umkvörtun íbúa að Hlíðarvegi 29 og Hlíðarvegi 29A, Kópavogi, dags. 3. maí 2001, sem vísað var til nefndarinnar frá bæjarráði Kópavogs. Umkvörtunin er um rekstur söluturns að Hlíðarvegi 29, Kópavogi.

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins til rekstraraðila dags. 7. júní 2001 um andmælarétt og andmæli rekstraraðila dags. 16. júní 2001.

Við eftirlit 30. apríl s. l. kom í ljós að hjómflutningstæki höfðu verið aftengd.

Eftirfarandi umsögn var gerð:

"Heilbrigðisnefnd telur að starfsleyfishafi uppfylli skilyrði laga og reglugerða sem um starfsemina gilda og húsnæðið er samþykkt sem verslunarhúsnæði. Kvartanir snúa ekki hvað síst að hegðun ungmenna fyrir utan húsnæðið. Aðgerðir af hálfu heilbrigðisnefndar eiga því ekki við."

## 4. Umgengni og þrifnaður á lóðum.

4.1 Eftirfarandi afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins lögð fram:

1. Til eiganda að Blikastíg 9, Bessastaðahreppi, dags. 23. maí 2001.
2. Til eiganda að Blikastíg 10, Bessastaðahreppi, dags. 23. maí 2001.
3. Til eiganda Breiðabólstaða, Bessastaðahreppi, dags. 9. maí 2001.
4. Til eiganda að Fögruvöllum v/Lækjarfit í Garðabæ, dags. 22. mars 2001.
5. Til lóðarhafa að Askalind 7, Kópavogi, dags. 9. apríl 2001, ásamt svari formanns húsfélagsins dags. 15. maí 2001.
6. Til lóðarhafa að Hvaleyrarbraut 22, Hafnarfirði, dags. 1. mars 2001.
7. Til lóðarhafa að Lónsbraut 6, Hafnarfirði, dags. 8. júní 2001.
8. Til lóðarhafa að Stapahrauni 11, Hafnarfirði, dags. 1. mars 2001.
9. Til lóðarhafa að Stapahrauni 12, Hafnarfirði, dags. 1. mars 2001.
10. Til húsfélags og húseigenda að Arnarhrauni 21, Hafnarfirði, dags. 30. maí s. l.
11. Til rekstraraðila að Skútahrauni 2A, Hafnarfirði, dags. 20. febrúar 2001 og símskeyti frá 1. mars 2001.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja eftir ofangreindum mál með þvingunaraðgerðum ef þörf krefur".

#### **4.2 Rauðhella í Hafnarfirði.**

Lagt fram afrit af bréfi til bæjarverkfræðings Hafnarfjarðar, dags. 13. júní 2001 vegna óbyggðra lóða við Rauðhelli í Hafnarfirði.

#### **4.3 Engihjalli.**

Lögð fram umkvörtun Guðjóns Ólafssonar, Engihjalla 1, Kópavogi frá 25. maí 2001 um stöðu vinnuvéla og stórra farartækja og andmæli Gámakó hf. dags. 7. júní 2001 og Guðmundar Sigurðssonar dags. 7. júní 2001. Einnig ný umkvörtun Guðjóns Ólafssonar dags. 8. júní 2001.

Heilbrigðisnefnd telur að umkvörtunaratríði bréfitara falli ekki undir ákvæði um samþykkt um umgengni og þrifnað utanhús nr. 251/2000.

#### **4.4 Ræktunarland í landi Vatnsenda við Kjóavelli.**

Lögð fram afrit af símskeytum heilbrigðiseftirlitsins til lóðarhafa vegna úrgangssöfnunar þar. Óstaðfest yfirlýsing er um að hreinsun verði lokið eigi síðar en 15. júlí n. k.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að ganga eftir efndum með þvingunarúrræðum ef með þarf.

#### **4.5 Vesturhraun 3, Garðabæ.**

Lagt fram afrit af bréfi heilbrigðiseftirlitsins frá ..... til lóðarhafa vegna slæmrar umgengni og starfsleyfismála vegna reksturs á lóðinni.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja eftir kröfum um að umgengni verði bætt og að kæra til dómsmálayfirvalda ólögmeta starfsemi verði henni ekki tafarlaust hætt."

#### **4.6 Álfaskeið 72.**

Lögð fram umkvörtun húsfélagsins að Álfaskeiði 74-76, Hafnarfirði, dags. 5. júní 2001 vegna bifreiða í óhriðu á lóð húsfélagsins að Álfaskeiði 72,.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja eftir hreinsun á svæðinu með þvingunarúrræðum ef með þarf.

### **5. Losun mengaðs fráveituvatns í Kópavogslæk**

Var áður á dagskrá nefndarinnar 26. febrúar 2001.

Lagt fram afrit af bréfi dags. 13. júní 2001 til rekstraraðila að Dalvegi 22, Kópavogi. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir viðræðum við forsvarsmanns rekstursins í dag.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisfulltrúa er falið að ganga eftir að fullnægjandi verkáætlun um úrbætur verði lögð fram fyrir 25. júní n. k.."

### **6. Litbolti Lundur við Nýbýlaveg í Kópavogi.**

Lagt fram afrit af bréfi Umhverfissráðuneytisins frá 11. júní 2001, þar sem Litbolta ehf. er veitt undanþága frá starfsleyfi samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um atvinnurekstur sem valdið getur mengun.

Ennfremur lagður fram auglýsingabæklingur frá Litbolta ehf. þar sem boðin er ýmis þjónusta sem matvælalög, áfengislög og lög um veitinga- og gististaði fjalla um. Framkvæmdastjóri skýrði frá viðræðum við rekstraraðila vegna þess.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

"Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að gefa út starfsleyfi með vísun í ákvæði heilbrigðisreglugerðar og reglugerðar um matvælaeftirlit vegna reksturs sölubúðar þegar umsókn þar um liggur fyrir og úttekt vegna þeirrar starfsemi hefur farið fram."

## 7. Önnur mál.

### 7.1 Eftirlit með amalgammenguðum úrgangi.

Rætt var um framkvæmd eftirlits með tannlæknastofum sem losa amalgam

### 7.2 Heimasíða.

Rætt var um að hefja undirbúning að gerð heimasíðu á vefnum vegna starfsemi heilbrigðisnefndar.

### 7.3 Hundsbit.

Rætt var um hundsbit við hátíðahöldin 17. júní s.l. og dómsmál sem rekið er nú fyrir héraðsdómi Reykjanes vegna afturköllunar á leyfi til hundahalds.

### 7.4 Kvörtun um óþrifnað við rekstur Suðurbæjarlaugar í Hafnarfirði.

Rætt var um blaðaskrif og ábendingar sem heilbrigðisnefndarmaður hefur fengið um að ónógs þrifnaðar sé gætt við rekstur Suðurbæjarlaugar í Hafnarfirði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Árni Sverrisson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigríður Ingvarsdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson

Andrés Pétursson